



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 2-4
150 Reykjavík

Reykjavík 10. september 2020

2009205SA GB
Málalykill: 09.20

Efni: Umsögn um áform um breytingar á skipulagslögum, mál S-123/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 25. ágúst sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um fyrirhugaðar breytingar á skipulagslögum. Þær breytingar sem ætlunin er að verði í frumvarpinu eru þrjúþættar, þ.e. 1) ný ákvæði um stjórnarsýslu vegna raflínuframkvæmda sem ná yfir sveitarfélagamörk og eru hluti af meginflutningskerfi raforku, 2) stytting umsagnarfrests vegna deiliskipulags þegar um er að ræða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og 3) ákvæði um stafræna skipulagsgátt.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á fyrri stigum átt aðkomu að vinnu við mótun tillagna um breytingar á málsmeðferð, með setu í starfshópum sem ráðherra skipaði. Leggur sambandið áherslu á að eiga áfram beina aðkomu að mótun lagafrumvarps um þess efni. Jafnframt er mikilvægt að sambandið komi að útfærslu stafrænnar skipulagsgáttar, þar sem m.a. þarf að ganga úr skugga um að fjármögnun þess verkefnis leiði ekki til skerðingar á framlögum úr Skipulagssjóði til sveitarfélaga.

Sambandið vill koma á framfæri eftirfarandi áherslum varðandi þær breytingar sem lýst er í áformaskjali:

1) Breytt málsmeðferð vegna framkvæmda í meginflutningskerfi raforku

Í vinnu starfshóps sem skipaður var í kjölfar mikils óveðurs í desember sl. var í forgrunni að finna leiðir til þess að einfalda og flýta málsmeðferð við breytingar á aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga og útgáfu framkvæmdaleyfa þegar framkvæmd tekur til fleiri en eins sveitarfélags.

Við gerð tillagna um þetta efni var horft til breytinga sem þegar hafa verið gerðar á raforkulögum, sbr. grein 9 c. í þeim lögum, um stöðu kerfisáætlunar Landsnets gagnvart skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Sömuleiðis var um að ræða nánari útfærslu á tillögum sem Alþingi hefur þegar samþykkt í þingsályktunum um stöðu kerfisáætlunar og stefnu um lagningu raflína. Markmið vinnunnar er að tryggja betur afhendingaröryggi raforku um allt land.

Samband íslenskra sveitarfélaga stendur óhikað að baki tillögum um breytta málsmeðferð, þannig að skipuð verði sérstök stjórnarsýslunefnd sem taki ákvörðun að undangenginni vandaðri málsmeðferð og samráði, m.a. við þær sveitarstjórnir sem málið varðar. Mikilvægt er þó að lokaútfærsla þessara tillagna verði í samræmi við þær forsendur sem byggt var á í vinnu starfshópsins.

Sambandið leggur þunga áherslu á þá sérstöðu sem framkvæmdir við flutningskerfi Landsnets hafa, sem að áliti sambandsins geta réttlætt frávik frá meginreglum skipulagslaga. Sambandið vill hins vegar áréttta þá afstöðu að ekki verði stigin frekari skref í þá átt að færa skipulagshlutverkið frá sveitarfélögum. Í því samhengi telur sambandið mikilvægt að heiti fyrirhugaðrar stjórnarsýslunefndar endurspegli það þrönga hlutverk sem nefndinni er ætlað.

2) Einfeldari málsmeðferð

Sambandið átti einnig fulltrúa í starfshópi sem falið var að útfæra tillögur átakshóps í húsnæðismálum, sem tengjast svonefndum lífsskjarasamningi frá 2019. Tilfni er til þess að lýsa ákveðnum vonbrigðum með að vegna þess hve skammur tími var gefinn til að vinna tillögur til átakshópsins hefur ekki farið fram heildstæð greining á því hvaða sóknarfæri eru til að einfalda og stytta málsmeðferð. Þess í stað var starfshópi sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði eingöngu falið að vinna með mjög afmarkað úrlausnarefni, sem fyrirsjáanlega mun litlu breyta varðandi málshraða við gerð skipulagsáætlana.

Sú tillaga sem þó kom út úr vinnu starfshópsins mætir þó að nokkru áherslum þeirra sveitarfélaga og annarra umsagnaraðila sem starfshópurinn leitaði til. Virtist það vera nokkuð samdóma álit þessara aðila að áhættulaust væri að stytta umsagnarfrést við tilteknar aðstæður. Styður sambandið því eindregið að sú breyting nái fram að ganga en leggur jafnframt áherslu á að frekari vinna þurfi að fara fram í þeim tilgangi að stytta byggingartíma íbúðarhúsnæðis. Hvetur sambandið ráðherra til þess að skipa nú þegar starfshóp til frekari vinnu um þetta mikilvæga verkefni. Þeim hópi verði m.a. falið að vinna úr úttekt sem OECD og Samkeppniseftirlitið hafa unnið og verður gerð opinber á næstunni.

3) Stafræn skipulagsgátt


Sambandið tekur undir ábendingar sem fram koma í umsögn Skipulagsstofnunar um að tryggja þarf sérstakt fjármagn til þess mikilvæga verkefnis að koma á fót stafrænni skipulagsgátt. Ljóst er að ef fjármagn til verkefnisins á að koma úr Skipulagssjóði þarf jafnhliða að hækka fjárheimild til sjóðsins, sem nú fær aðeins hluta af innheimtum skipulagsgjöldum til ráðstöfunar.

Lokaorð

Líkt og áður segir væntir sambandið þess að gott samstarf og samráð verði við sveitarfélögin um endanlega útfærslu frumvarps. Í meginatriðum er sambandið sammála þeim áherslum sem lýst er í áformaskjali en eftir standa ýmis álitaefni sem snúa m.a. að fjármögnun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs